

## **Fundargerð**

4. fundur stjórnar  
Starfsárið 2021-2022  
27. maí 2021

**Viðstödd eru:** Þorbjörg, Ólafur Alex, Agnes, Þórhildur, Tóttla (fræðslustýra), Daníel (framkvæmdastjóri) og Sigga Ösp (áheyrnarfulltrúi)

**Fundargerð ritar:** Samvinnuverkefni í fjarveru ritara

**Fundur settur:** 16:53

### **1. Samþykkt fundargerðar**

Fundargerð síðasta stjórnarfundar hefur verið samþykkt.

### **2. Yfirlit yfir Regnbogakortið**

Daníel fer yfir niðurstöðurnar á Regnbogakortinu 2021 þar sem Ísland stóð í stað í 14. sæti. Það eru nokkrir hlutir á yfirlitinu sem við munum óska eftir því að verði breytt þar sem við teljum að við höfum á a.m.k. einum stað ekki fengið punkt þar sem við hefðum átt að fá.

Daníel hefur gert samantekt yfir það sem okkur vantar upp á í Regnbogakortinu í heildina og er þar sumt sem ætti að vera vel geranlegt á meðan annað þarf talsvert meiri vinnu.

Daníel og Þorbjörg funduðu með Jafnréttisstofu sem voru líka ósátt með frammistöðu Íslands á Regnbogakortinu þetta árið og ræddu hvernig mætti bæta þetta í framtíðinni.

### **3. Félagsfundur**

Félagsfundur að vori verður haldin í Norræna húsinu 29. maí 2021 kl. 14:00. Eftir fund verður Eikynhneigðraspjall og svo um kvöldið verður hittingur á Skúla Craft Bar kl. 19:00 fyrir áhugasama.

### **4. Samfélagsmiðlastefna**

Daníel fer yfir punktana sem eru komnir í samfélagsmiðlastefnu S78. Stefnan er á góðri leið og eru komin t.d. grunngildi varðandi samskipti á samfélagsmiðlum og það sem við setjum út frá okkur, skemu fyrir Facebook viðburði o.s.frv.

### **5. Fundaplan fram á haust**

Ákveðið að fresta vegna þess hversu fáir eru á fundinum og erfitt að ákveða um næstu skref. Það eru flestir til í fimmtudaga sem áframhaldandi fundardaga.

### **6. Outreach plan**

Plan um hvernig við getum náð betur til 35+ félagsfólks og hinsegin fólks almennt.

### **7. Heiðursmerki S78**

Fyrri stjórn hafði samþykkt að veita Jóhönnu Sigurðardóttir heiðursmerki félagsins og búið var að ræða þetta við Jóhönnu en svo kom COVID. Við viljum gera þessu hátt undir höfði og stað- og tímasetja þetta þannig að við fáum sæmilega athygli út á þetta.

Móttakan verður 27. júní 2021, á 25 ára afmæli staðfestrar samvistar. Möguleg staðsetning væri Vinnustofa Kjarvals. Það þarf að athuga með hjólastólaaðgengi þar.

## **8. Önnur mál**

### **1. Staðan á fræðslunni**

Tóttla segir frá vinnunni sinni sem fræðslustýra. Það er mikið álag, allir að vinna upp eftir COVID og reyna að koma fræðslunni inn fyrir sumarfrí. Takturinn hjá skólunum að breytast, meira um krísustjórnun sem tengist erfiðum málum í skólakerfinu og skólarnir duglegir að leita til S78 til að fá hjálp með það.

Dagarnir hjá Tóttlu núna eru ca. fjórar fræðslur á dag og við það bætist svo kannski klst. fyrir og eftir fræðslur í samtali við kennara og börn í skólunum.

Fræðslan er í rauninni sprungin og meiri eftirspurn en Tóttla getur annað. Rætt að bæta við verktökum sem geta tekið fræðslur svo Tóttla sé ekki að drukkna og Tóttla segir draumastöðuna að bæta við a.m.k. tveimur einstaklingum sem hún gæti þjálfað til að taka fræðslur.

### **2. Framkvæmdir á Suðurgötu**

Daníel ræddi stöðu framkvæmda.